Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 07.09.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 6. september 2017 varðandi eftirfarandi mál.

**Haðaland 26, Fossvogsskóli**
Lögð fram umsókn skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, mótt. 14. júlí 2017, um breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla. Í breytingunni felst að koma fyrir nýjum byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. ágúst 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

*Kl. 10:15 víkur Sævar Þór Jónsson af fundi*

F.h. skipulagsfulltrúa

Harri Ørmarsson

Fylgiskjal: uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. ágúst 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

# BREYTING Á DEILISKIPULAGI FOSSVOGSHVERFIS VEGNA HAÐALANDS 26/FOSSVOGSSKÓLA




Gildandi deiliskipulag Haðalands 26/Fossvogsskóla samþykkt í borgarráði 18.02.2010, öðlaðist gildi 29. Mars 2010




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu mkv.1:1000

GREINARGERÐ:

Í gildi er deiliskipulag "Fossvogshverfi", sem er samþykkt í borgarráði 6.2.68 með síðari breytingum.
Þar er skólanum ætlað óafmarkað svæði syðst í dalnum.
1.áfangi skólans er byggður skv. teikningum frá 1971 og 2. áfangi 1973.
Lóðarafmörkun fyrir skólann er samþykkt í borgarráði 27.10.98 og sama dag
er einnig samþykkt í borgarráði afstöðumynd vegna stækkunar skólans.

- Boltagerði er staðsett í suðvestur hluta lóðar.
- Byggingarreitur fyrir færanlegar stofur er staðsettur á núverandi boltavelli.

**Helstu stærðir í samþykktu deiliskipulagi:**

| | |
|---|---|
| Lóð | 20.768 m2 |
| Skólabygging | 4.059.5 m2 |
| Fjöldi bílastæða á lóð auk gestastæða | 69 |

Breytingin á tillögu að nýju deiliskipulagi snýr að nýjum byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar.

Gildandi byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur fellur úr gildi við þessa samþykkt en þar hefur verið útbúið leiksvæði.

Lögð verður áhersla á að stofurnar falli að landinu og þær aðlagaðar að þeim landhalla sem fyrir er.
Landmótun mun því eiga sér stað samhliða því að stofurnar verða staðsettar.

Gert er ráð fyrir fjórum færanlegum kennslustofum á nýjum byggingarreit á suðausturhluta lóðarinnar.

Hámarkshæðin á færanlegum kennslustofum er 4.30 m.

| | |
|---|---|
| Lóð | 20.768 m2 |
| Skólabygging | 4.060.0 m2 |
| Fjöldi bílastæða á lóð auk gestastæða | 69 |
| Samtals byggingamagn á lóð er | 4.560.0 m2 |

**FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR**
Byggingamagn fyrir færanlegar kennslustofur er 500 m2




SÉRSKILMÁLAR FYRIR BOLTAGERÐI:

Boltagerði:
Mörkin eru 3m á breidd og 2m á hæð. Aðkoma inn á völlinn er um op á langhlið.Girðing er umhverfis völlinn og verður hann uppýstur inn á við með fjórum allt að 8m háum ljósastaurum.
Lýsing er skermuð af og beint inn á grasvöllinn.
Girðingin umhverfis völlinn er allt að 1.2 m hæð á langhliðum og er hæst 3m fyrir miðjum velli við mörkin.
Sjá skýringaruppdrátt.

Huga skal að því að frágangur og útlit vallarins taki mið af aðstæðum og falli vel að mannvirkjum á lóð.




Skýringamynd, dæmi um uppröðun á kennslustofum



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2001-2024

**Skýringar**

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur færanlegra kennslustofa
- Núverandi byggingar
- Reitur boltagerðis
- Færanlegar kennslustofur

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í ______________________

þann __________ 20__ og í ______________________þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá __________ 20__ með athugasemdafresti til _________ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ______ 20_

______________________

1.863.4

Hönnunarstjóri: Rúnar Gunnarsson 090550-7999 Samþykkt:

| | |
|---|---|
| Verk HAÐALAND 26 | Teikn nr. 1 |
| FOSSVOGSSKÓLI | |
| Deiliskipulagsbreyting | 1:500, 1:100 |
| Teiknað/hannað AMB | Dags. 31.08.17 |
| | A1 |

Rúnar Gunnarsson arkitekt FAÍ 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt FAÍ 220849-3769
Anna María Benediktsdóttir arkitekt 220849-3769
**Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**
Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000